

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækun á þeirri fjárhæð jöfnunargjalds vegna alþjónustu sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 2003 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækun greiðsluskyldunnar. Heimilt er að kæra úrskurð skattstjóra til ríkisskattstjóra. Er úrskurður hans endanleg úrlausn málsins á stjórnýslustigi.

4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda, sbr. 3. gr., nema skattstofn hafi lækkað svo mjög milli áranna 2001 og 2002 að hann sé meira en 25% lægri en hann var á tekjuárinu 2001. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra.

Ríkisskattstjóra er heimilt að setja nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda eins fljótt og unnt er. Ef fallist er á umsókn skal niðurstaða einnig tilkynnt innheimtuaðila.

6. gr.

Um greiðslur jöfnunargjalds vegna alþjónustu á árinu 2003 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 15. gr. laga nr. 107/1999, um fjarskipti, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 23. janúar 2003.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Ragnheiður Snorradóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í landi Álftártungu, Borgarbyggð.

Bæjarstjórn hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðhöndlun samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af skipulagsstofnun samkvæmt ofangreindum lögum.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 24. janúar 2003.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

Sigurður Páll Harðarson.